

BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kynningu á framlínubjónustu - MSS23010124

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um af hverju samskiptaþjónusta Reykjavíkurborgar sé ekki komin lengra en raun ber vitni sbr. kynningu á fundi stafræns ráðs 11. janúar sl. Í því samhengi er bent á skjáskot af spjallsvæði island.is og Akureyrar í kynningu á framlínubjónustu borgarinnar sem kynnt er sem dæmi um lausn fyrir Reykjavíkurborg. Einnig langar fulltrúann að vita af hverju framlínubjónusta borgarinnar hefur ekki enn verið eflað með þeim hætti að hún taki yfir víðtækari þjónustu innan borgarinnar. Rafræn þjónustumiðstöð Velferðarsviðs er að því er virðist ekki hluti af annarri framlínubjónustu og stendur ein og sér. Einnig eru ýmsir þjónustupættir enn inn á sviðunum sem tefur alla þjónustu þegar framlínubjónusta nær ekki til þeirra sem þarf að spyrja hverju sinni og ekki er hægt að nálgast nauðsynlegar upplýsingar fljótt og vel. Að lokum er spurt hvort áætlanir séu um að styrkja framlínubjónustuna með sameiningu allra þjónustueininga borgarinnar? Sem dæmi að sett verði á laggirnar ein rafræn þjónustumiðstöð innan þjónustuverisins svo hægt sé að hafa alla rafræna þjónustu sem og aðra þjónustu á einum stað?